

Ed.

339. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00 — einni milljón króna —, gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkur, enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi ríkisstjórnarinnar, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2100000.00 — tveggja milljóna og eitt hundrað þúsund króna — lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.